

Yfirlýsing frá VÍR, nemendafélagi Rafmagns-og tölvuverkfræðinema

Í kjölfar nýútkominnar meistararitgerðar í kynjafræði þar sem dregin er dökk mynd af félagslífi innan deildarinnar hafa forsvarsmenn VÍR fundið sig knúna til að tjá sig um málið.

Því miður þarf fáa svarta sauði til að skyggja á fallegan hóp. Þegar fáir háværir einstaklingar hafa sig hæst í litlum hópi eru þeir fljótir að lita umræðuna dökkum blæ.

Þeim aðstæðum sem líst er í ritgerðinni eru engan vegin lýsandi fyrir deildina sem heild. Það má vel vera að á þeim tíma sem viðtöl voru tekin hafi verið fáir fyrirferðamiklir einstaklingar sem höfðu sig hæst í grófum og sjokkerandi húmor. Að draga þá ályktun að þeirri hegðun sé viðhaldið á milli ára sem einhverskonar hefð er fráleitt.

Konur hafa alltaf og munu ávallt vera velkomnar í R&T. Þær konur sem koma haldast flestar í náminu, á meðan brottfall hjá karlkyns nemum er mun hærra. Konur hafa líka alltaf tekið ríkan þátt í félagslífinu og jafnan verið 1-2 konur í stjórn VÍR sem verður að teljast nokkuð gott kynjahlutfall. Konurnar standa sig líka afburða vel og var t.a.m dúx deildarinnar kona í fyrra. Í ár er semi-dúxinn einnig kona.

Varðandi drykkjusöngva sem nefndir eru, þá hafa þeir lagst af í vetur enda hefur núverandi stjórn ekki haft á áhuga á að viðhalda þeim.

Í ritgerðinni var talað um að viðburðir væru sérstaklega skipulagðir með karlægum viðmiðum. Þessu vísu við alfarið á bug. Í vetur var einn skipulagður karlaviðburðir á sama tíma og skipulagður kvennaviðburður var haldinn. Helstu viðburðir í vetur,sem og aðra vetur, eru m.a. vísindaferðir í fyrirtæki tengd okkar fagi, haustferð og skíðaferð, keilumót, árshátíð, íþróttamót sem og vikulegur íþróttatími sem konur sækja jafnt sem karlar.

Hrafnhildur nefnir tvisvar í ritgerð sinni sameiginlegar vísindaferðir VÍR með hjúkrunarfræði án þess þó að segja beint hvaða ályktun hún dregur af þeim gjörningi.

Fyrst ber að taka fram að í fyrra átti formaður VÍR kærustu í stjórn Curator, félags hjúkrunarfræðinema. Það gæti útskýrt hvers vegna gott samstarf var á þar á milli í 1-2 atburðum á síðasta ári.

En að örðu leiti sjáum við ekkert athugavert við að tvö nemendafélög með ýkt kynjahlutföll haldi einn atburð sameiginlegan á ári. Því miður hefur enginn slíkur atburður verið haldinn í ár þó vilji sé beggja vegna. Fjöldi ferða hefur hins vegar verið farinn með öðrum félögum innan FV.

Við erum hjartanlega sammála að mismunun vegna kyns eða kynhneigðar sem felist í grófum húmor og meiðandi athugasemdum eigi hvergi að líðast innan Háskólans. Við teljum því að umrætt einangraða tilfelli sem rætt er í ritgerðinni heyri undir siðanefnd Háskólans en ekki áfelligdóm um félagslegar aðstæður innan heillar deildar.

Við viljum heldur ekki gera lítið úr upplifun viðmælandans í ritgerðinni sem augljóslega leið illa á þeim tíma sem viðtalið var tekið. Við höfum því lagt til stofnunar embættis trúnaðarmanns nemenda innan deildarinnar, einn af hvoru kyni. Ef svipuð tilfelli koma upp síðar eiga nemendur að geta leitað til þess trúnaðarmanns sem þeir treysta betur. Nú þegar hefur verið rætt við kennara innan deildar sem vildu báðir taka að sér starfið.

Að lokum viljum við gera athugasemd við það að birta orðréttar tilvitnanir kvenkyns nemenda í deild þar sem eru mjög fáar konur. Í svona litlum hóp þar sem allir þekkjast má oft greina hver á í hlut. Einnig finnst okkur undarlegt að engar tölur eru nefndar í tölfræðilegum rökstuðningi á niðurstöðum rannsóknarinnar, s.s. fjöldi viðmælenda eða tímabilið sem rannsóknin spannaði.

Þessi yfirlýsing var lesin yfir af stærstum hluta kvenna í R&T og hún samþykkt einróma.

Virðingarfyllt

Stjórn VÍR veturinn 2010-2011

Birkir Heimisson, varamaður
Eiríkur Þór Ágústsson, formaður
Hildur Ólafsdóttir, gjaldkeri
Ingolf D. Petersen, ritari
Steinar Guðjónsson, skemmtanastjóri